



Vorönn 2026
Fjölbrautaskóli Suðurlands

MYNL2TK05

Teikning (grunnur)

Kennari	Ágústa Ragnarsdóttir, agustaragnars@fsu.is
---------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur og æfa grunnatriði teikningar. Farið í mikilvægu línu í allri teikningu, fjölbreyttar skyggingar æfðar, lögð áhersla á að þjálfa formskilning með greiningu grunnformanna bæði þau tvívíðu og þrívíðu. Grunnur lagður að fríhendisteikningu. Unnið með myndbyggingu út frá formum, raunsætt og abstrakt. Lagður grunnur í eins- og tveggjapunkta fjarvídd.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- möguleikum blýantsins
- mikilvægi línu
- áhrifum skugga og ljóss
- tvívíðum og þrívíðum formum
- eins- og tveggja punkta fjarvídd
- myndbyggingu
- muninum á abstrakt og raunsæi

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að sýna trúverðuga skyggingu með blýanti með mikilli dýpt þar sem öllum tónum grátónaskalans er beitt sem og sýnt fram á kunnáttu við að beita línu.
- fríhendisteikna þrívíðu grunnformi með og án skygginga.
- teikna fjarvíddarmyndir innan húss og utan með hjálp eins- og tveggjapunkta fjarvíddartækni.
- að mæla út hlutföll og nýta í sinni teikningu.
- að fríhendisteikna flóknari hluti með grunnformin í huga.
- að setja saman flóknari myndbyggingu út frá bæði abstrakt og raunsæi.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skynja og skilja að allt er samsett úr grunnformum sem línur mynda.
- teikna og skyggja mynd af hlutum og umhverfi, bæði raunsætt og abstrakt.
- teikna út frá eigin hugmyndum sem og fyrirmyndum.
- vinna meðvitað með myndbyggingu.

Námsefni:

Fyrirlestrar, innlagnir, glærur, internetið, myndbönd, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Öll verkfæri og allt efni er innifalið í efnisgjaldi sem greiðist í heimabanka.

Áætlun um verkefni:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Verkefni
2-3	8.-12. jan.	- Skygging og gráskali: Ólíkar aðferðir og styrkleikar	Verkefni 1
3-4	15.-22. jan.	- Þrívíð form og skyggingar: Kassi, kúla, keila, sívalningur og pýramídi	Verkefni 2
5-6	26. jan.-2. feb.	- Fjarvídd 1p, fyrri hluti. Grunnur í fjarvídd úr frá einum hvarfpunkti. - Fjarvídd 2p, fyrri hluti. Grunnur í fjarvídd út frá tveimur punktum.	Verkefni 3 Verkefni 4
6-8	5. feb. - 19. feb.	- Uppstilling og slöngulína: Fríhendisteikning þrívíðra forma, myndbygging, slöngulína, skyggingar - <i>Miðannarmat og verkefnum 1-5 skal öllum vera lokið og skilað.</i>	Verkefni 5
8-11	19. feb.-12. mars	- Raunsæ hlutateikning: Fríhendisteikning út frá ljósmynd, skyggingar, myndbygging - <i>Vorfrí 23. og 24. feb.</i>	Verkefni 6
12-13	16.-26. mars	- Fjarvídd út frá 1 punkti: Val á milli inni-eða útimyndar. - <i>Kátir dagar og Flóafár 18.-20. mars</i>	Verkefni 7
		Páskafri	
15-16	7.- 16. apríl	- Fjarvídd út frá 2 punktum: Val á milli inni-eða útimyndar. Verður þó að vera öfugt val miðað við fyrra verkefni.	Verkefni 8
17-20	20. apríl - 13. maí	- Lokaverkefni: Allir þættir áfangas koma saman í einni heildstæðri mynd.	Verkefni 9

Sérreglur myndlistar:

- **SKIL OG SKILAFRESTUR:**

- **Skila þarf öllum fyrirsettum verkefnum annarinnar, þar með töldu fullunnu og stöðnu lokaverkefni og fá 5 í lokaeinkun til að eiga möguleika á að standast áfangann.**
- **Sein skil: Dregið er niður fyrir sein skil verkefna um 0,5 pr. dag. Að sjö dögum liðnum umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærra en 5 fyrir verkefni. Mikilvægt að nemandi sé í góðu sambandi við kennara sinn ef hann er að lenda í skilavandræðum.**
- Áfanginn er verklegur staðnámsáfangi og skulu verkefni hans unnin að mestu leiti í kennslustundum að kennara ásjáandi. Í flestum tilfellum þarf einnig að vinna hluta verkefnina heima við.
- Nemendur fá möppur strax í byrjun annar þar sem þeir geyma skissur og verkefni. Mikilvægt að haldi vel utan um allt og taka möppur ávallt með sér heim þegar heimavinna er nauðsynleg til að standast áætlun.
- Öll verkefni birtast á INNU. Nemendur skulu skila **vandaðri** ljósmynd af hverju verkefni að því loknu í skilahólf.
- Um er að ræða próflausan símats- og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi og vinnuframlag, sjálfstæð vinnubrögð, tileinkun, tilraunir, framfarir og mæting. Verkefni má skila aftur ef nemandi vill bæta það.
- Tölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.
- **Lokaverkefni er ígildi prófs.** Nemendur skulu hagnýta sér þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað í áfanganum til að vinna heildstætt verkefni á sjálfstæðan hátt undir handleiðslu kennara.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans. <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Skygging og gráskali	Andstæður, flæði innan aðferðar, flæði milli aðferða, fjölbreytileiki aðferða, heild, vinnuframlag, virkni, tileinkun, skil.	4%
Þrívíð form og skyggingar	Andstæður, formskyggingar, skuggavörpun, samspil forgrunns og bakgrunns, heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil.	6%

Fjarvídd fyrri hluti	Flækjustig framsetningar, fjarvíddarvinnan, skyggingar, myndbygging, heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil.	6%
Uppstilling og slöngulína	Teikning og skygging formanna, teikning og skygging slöngulínunnar, myndbygging, flækjustig (xtra), bakgrunnur, samspil forgrunns og bakgrunns, heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil.	20%
Raunsæ hlutateikning	Teikning og skygging, flækjustig viðfangsefnis, myndbygging, heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil.	20%
Fjarvídd seinni hluti	Flækjustig viðfangsefnis, fjarvíddarskilningur, heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil.	20%
Lokaverkefni	Teikning, skygging og andstæður. Myndbygging, frumleiki og nálgun. Afstrakt í tvívídd, raunsær hlutur, fjarvídd og slöngulína. Heildarútlit, vinnusemi og virkni, tileinkun, skil.	24%
Samtals		100%

Verkefni, vægi, tímarammi, innlagnir og skil

1. Skygging og gráskali (4%)	Innlögn 8. jan.	Skil 12. jan.
3. Þrívíð form og skyggingar (6%)	Innlögn 15. jan.	Skil 22. jan.
4. Fjarvídd 1p, fyrri hluti (3%)	Innlögn 26. jan.	Skil 2. feb.
5. Fjarvídd 2p, fyrri hluti (3%)	Innlögn 26. jan.	Skil 2. feb.
6. Uppstilling og slöngulína (20%)	Innlögn 5. feb.	Skil 19. feb.
7. Raunsæ hlutateikning (20%)	Innlögn 19. feb.	Skil 12. mars
8. Fjarvídd 1p, seinni hluti (10%)	Innlögn 16. mars	Skil 26. mars
9. Fjarvídd 2p, seinni hluti (10%)	Innlögn 9. apríl	Skil 16. apríl
10. Lokaverkefni (24%)	Innlögn 20. apríl	Skil 13. maí

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar eru alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.

- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

5. janúar 2026